
Minnisblað

Dagsetning: 20. maí 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands og aðgerðir í skólum vegna COVID-19.

Þann 10. maí 2021 tóku gildi tvær reglugerðir um takmarkanir innanlands vegna COVID-19 sem gilda til og með 26. maí 2021. Önnur reglugerðin (nr 510/2021) kvað á um afléttingar á takmörkunum á samkomum en hin (nr. 511/2021) um afléttingar á takmörkunum á skólasterfi. Báðar reglugerðirnar gilda til og með 26. maí 2021.

Á undanförunum vikum hafa komið upp nokkrar hópsýkingar innanlands sem rekja má til ferðamanna á landamærum sem ekki héldu sóttkví og/eða einangrun. Á þessum tíma hefur einnig verið ráðist í ýmsar aðgerðir á landamærum sem ætlað er að minnka enn frekar áhættuna á að smit berist inn í landið. Undanfarna viku hafa fá smit greinst innanlands eða 24 alls og þar af 20 innan sóttkvíar. Því má ætla að tekist hafi að ná utan um hópsmitin og lágmarka eins og hægt er að smit berist inn í samfélagið yfir landamærin. Sl. sólarhring hafa þó smit verið að greinast utan sóttkvíar og því ljóst að ekki hefur tekist að uppræta kórónaveiruna úr samfélaginu. Hér gæti því verið í uppsiglingu hópsmit sem næði einhverri útbreiðslu.

Ég tel því að fari þurfi hægt í afléttingar innanlands á meðan að ekki hefur náðst meiri almenn þátttaka í bólusetningum en nú hafa rúmlega 150 þúsund manns fengið a.m.k eina sprautu. Ásættanleg þátttaka er þegar a.m.k. 60-70% þjóðarinnar (um 220 þúsund manns) hefur fengið a.m.k. eina sprautu með bóluefni en búast má við að því verði náð seinni hluta júní mánaðar.

Ég legg því til eftirfarandi aðgerðir:

1. Ný reglugerð um sóttvarnaaðgerðir innanlands gildi í tvær til þrjár vikur.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði miðaðar við 150 manns. Börn fædd 2015 og síðar verði undanþegin fjöldatakmarkunum.
3. Náandarregla verði almennt áfram tveir metrar.
4. Grímuskylda verði einungis á tilgreindum stöðum þar sem húsnæði er illa loftræst, ekki er hægt að viðhafa tveggja metra náandarreglu milli ótengdra aðila og stórir hópar dvelja saman í lengri tíma; sjá nánar hér að neðan. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin grímuskyldu.
5. Sund- og baðstaðir megi hafa opið fyrir leyfilegum hámarksfjölda.
6. Líkamsræktarstöðvar megi vera opnar með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Líkamsræktarstöðvar megi hafa opið fyrir leyfilegum hámarksfjölda.
- b. Allir séu fyrirframskráðir í tíma og því til fullkomin skrá yfir það hver var hvar og hvenær og smitrakning því auðveld.
- c. Tveggja metra nándarregla viðhöfð.
- d. Engum búnaði verði deilt á milli einstaklinga innan hvers tíma.
- e. Við komu í hús sé tryggt að allir sótthreinsi hendur og beri grímur þar til æfing hefst.
- f. Eftir æfingu sótthreinsi allir hendur áður en búnaður er sótthreinsaður.
- g. Eftir æfingu (þegar hendur hafa verið sótthreinsaðar) sótthreinsi allir þann búnað sem þeir notuðu. Rekstraraðili ber ábyrgð á sótthreinsun búnaðar.
- h. Við útgöngu sótthreinsi fólk hendur.
- i. Milli hópa séu salerni, vaskar og aðrir snertifletir sótthreinsaðir af starfsmanni.
- j. Í sameiginlegum rýmum skal tryggja tveggja metra nálægðarreglu og þegar því verður ekki við komið skal andlitsgríma notuð.

7. Íþróttir barna og fullorðinna.

- a. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertinga í íþróttum innan sem utan ÍSÍ verði heimilar. Hámarksfjöldi fullorðinna í hverju hólfi verði 150 manns. Gæta skal að því að búningsaðstaða sé þrífín og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsuð eftir notkun og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.
- b. Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.
- c. Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilar með áhorfendum í númeruð sæti. Hámarksfjöldi áhorfenda í hólfi verði 300 manns þar sem allir verða í númeruðum sætum og skylt að bera grímur.
- d. Skíðasvæði megi vera opin fyrir hámarksfjölda gesta. Gætt verði að eins metra nándarreglu og grímuskylda verði ef verði ef ekki verði hægt að tryggja nándarreglu. Um veitingarekstur á skíðasvæðum gildi sömu reglur og um veitingasölu almennt.

8. Sviðslistir og kórastarf:

- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 150 starfsmenn á sviði. Gætt verði að handhreinsun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
- b. Heimilt verði að taka á móti allt að 300 sitjandi gestum í hverju hólfi og þeim gert skylt að nota grímu nema þegar neytt er drykkjar eða neysluvöru. Leitast verði við að viðhafa a.m.k. eins metra nándarreglu. Börn fædd 2005 og síðar teljast með.

- c. Heimilt verði að að hafa hlé á viðburðum. Veitingasala í hléum verði leyfð með hámarki 150 manns saman í einu. Leitast verði við að viðhafa a.m.k. tveggja metra nándarreglu.
 - d. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.
- 9. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga og útfarir verði að hámarki 300 gestir; eins metra nándarregla verði tryggð sem og grímunotkun verði reglunni ekki við komið. Hámarksfjöldi í erfidrykkjum verði 150 manns.
- 10. Verslanir megi taka á móti 5 einstaklinum á hverja 10 m². Gætt skuli að tveggja metra nándarreglu og einungis skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
- 11. Söfn og aðrir opinberir staðir megi taka á móti leyfilegum hámarksfjölda Gætt skuli að eins metra nándarreglu og einungis skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
- 12. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 23 og gestir verði að hámarki 150 í rými og gestir skráðir. Vínveitingar einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verði að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 23 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 24:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
- 13. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi vera opnir til kl. 23 með 150 manna hámarki í rými. Vínveitingar verði einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 23 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 24:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og einungis skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
- 14. Ökunám og flugnám með kennara verði heimilt.
- 15. Aðgerðir í skólum.
 - a. Skólareglugerð verði felld úr gildi og almennar takmarkanir gildi